

Fimmtudaginn 15. desember 1994.

Nr. 280/1992.

**Elberg Þorvaldsson
og Vátryggingafélag Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Einari Jóhannssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

og gagnsök

Bifreiðar. Skaðabótamál. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1992. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu og stefnukröfur lækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til réttarins að fengnu áfrýjunarleyfi með stefnu 12. mars 1993. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 204.229 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. maí 1990 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla lögreglunnar í Reykjavík 8. desember 1994. Þar kemur meðal annars fram, að fjarlægð frá árekstursstað á gatnamótum Austurbergs og Gerðubergs að hraðahindrun á Austurbergi, sem bifreiðarnar óku yfir skömmu fyrir áreksturinn, er 217 metrar og að breidd götunnar er 7 metrar. Enn fremur er fram komið í málinu, að þrenging á Austurbergi við nefnd gatnamót hafði ekki verið gerð, er áreksturinn varð.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem ber yfirskriftina *Framúrakstur*, skal aka vinstra megin fram úr ökutæki. Þó

skal aka fram úr ökutæki hægra megin, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna, sem ber yfirskriftina *Bann við framúrakstri*, gildir sú meginregla, að óheimilt er að aka fram úr öðru ökutæki, rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Frá þeirri meginreglu er í sömu málsgrein að finna sérstaklega tilgreindar undantekningarheimildir. Atvik þessa máls urðu, áður en laga-greininni var breytt með lögum nr. 44/1993, en engu að síður verður hún á grundvelli lögskýringargagna túlkuð svo, að einnig fyrir þá breytingu mætti ekki nýta undantekningarheimildirnar, nema skilyrði til framúraksturs hafi verið fyrir hendi að öðru leyti. Ökumaður skal hafa sérstaka aðgát við vegamót, sbr. 1. mgr. 25. gr. sömu laga.

Af þessu leiðir, að ríkar varúðarkröfur verða gerðar til þess, sem vill nýta sér undantekningarheimild frá hinni skýru meginreglu. Ber honum að fullvissa sig um, að skilyrði séu örugglega uppfyllt, svo að framúrakstur á eða við gatnamót megi eiga sér stað.

III.

Austurberg er fjölfarin gata, þar sem skólar, aðrar opinberar stofnanir og íbúðabyggð eru á báðar hendur. Einungis ein akrein er í hvora akstursstefnu. Samkvæmt lögregluskýrslu voru aðstæður, er umferðaróhapp það varð, sem mál þetta er sprottið af, að öðru leyti þannig, að snjór var yfir, ísing og hálka. Náttmyrkur var, en góð götulýsing. Þessar aðstæður voru með þeim hætti, að framúrakstur við gatnamót hlaut að teljast mjög varhugaverður.

Óumdeilt er, að gagnáfrýjandi ók mjög hægt og fullnægði að því leyti þeim varúðarkröfum, sem til hans verða gerðar miðað við aðstæður. Einnig er óumdeilt, að hann gaf stefnumerki til vinstri, svo sem boðið er, þótt aðaláfrýjandi telji samkvæmt lögregluskýrslu, að það hafi verið of seint gefið.

Þrátt fyrir þær aðstæður, sem áður er lýst, reyndi aðaláfrýjandinn Elberg framúrakstur við gatnamótin og ók á um 50 km hraða á klukkustund að eigin sögn, sem er lögleyfður hámarkshraði á þessum stað. Brýna nauðsyn bar til, að aðaláfrýjandi æki með fyllstu aðgæslu og fyrirhyggju, sbr. 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 25. gr. og 1. mgr. og a-, c- og h-lið 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Verður að

telja, að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. Í því ljósi þykja eigi efni til að skipta sök á árekstrinum vegna almennrar varúðarskyldu þess ökumanns, sem hyggst beygja á gatnamótum, sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga. Ber því að leggja á aðaláfrýjandann Elberg alla sök á árekstrinum.

Að þessu virtu verða kröfur gagnáfrýjanda teknar til greina, en ekki er ágreiningur í málinu um viðgerðarkostnað bifreiðar hans. Þykir jafnframt mega fallast á kröfu hans um bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar. Þá verður aðaláfrýjendum gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Elberg Þorvaldsson og Vátryggingafélag Íslands hf, greiði gagnáfrýjanda, Einari Jóhannssyni, óskipt 204.229 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 20. maí 1990 til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 150.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. apríl 1992 að loknum munnlegum málflutningi, hefur Einar Jóhannsson, kt. 040234-3579, Hjalla, Kjósarsýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu á hendur Elberg Þorvaldssyni, 120170-4309, Torfufelli 50, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði in solidum 204.299 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. maí 1990 til greiðsludags [...]. Einnig er krafist málskostnaðar [...].

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu og stefnukröfur lækkaðar. Jafnframt krefjast stefndu í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

II.

Að kvöldi þriðjudagsins 27. mars 1990 ók stefndi Elberg Mazda-bifreið sinni, Y-2756, suður Austurberg, Reykjavík, á eftir bifreið stefnanda, Einars, Subaru 2WD Wagon, árg. 1988. Árekstur varð með bifreiðum aðila við gatnamót Gerðubergs á vinstra vegarhelmingi Austurbergs miðað við akstursstefnu bifreiðanna. Lenti hægra framhorn bifreiðar stefnda í vinstri hlið

bifreiðar stefnanda. Samkvæmt lögregluskýrslu var snjór og hálka á veginum, er áreksturinn varð. Bifreið stefnanda er atvinnutæki hans.

Í lögregluskýrslu er haft eftir stefnda Elberg, að hann hafi ekið suður Austurberg á eftir stefnanda. Hann hafi ætlað að aka fram úr bifreið stefnanda og verið búinn að skipta um akrein, þegar stefnandi gaf stefnumerki til vinstri og beygði síðan áleiðis til austurs. Hann kveðst hafa hemlað, en ekki náð að koma í veg fyrir árekstur og taldi stefnanda hafa gefið stefnumerki of seint. Í sömu skýrslu er m. a. haft eftir stefnanda, Einari, að er hann nálgadist gatnamótin hjá Gerðubergi, hafi hann gefið stefnumerki til vinstri og síðan verið að beygja til austurs, þegar stefndi Elberg lenti á bifreið hans.

Stefndi Elberg kveðst hafa ekið á 50 km/klst.

III.

Stefnandi reisir kröfugerð sína í málinu á því, að stefndi eigi alla sök á tjóni stefnanda. Stefndi viðurkenni í lögregluskýrslu, að stefnandi hafi sýnt stefnuljós til vinstri, áður en hann beygði inn Gerðuberg. Vísar stefnandi til 4. gr., sbr. 20. gr., 22. gr., 36. gr. og 89. gr., sbr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Aka skuli hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbúi greinilega vinstri beygju. Ljóst sé, að stefndi Elberg hafi ekki hagað akstri sínum í samræmi við aðstæður greint sinn, en snjór og hálka hafi verið á veginum.

Málsókn á hendur meðstefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., reisir stefndi á 1. mgr. 97. gr. umfl., en bifreið stefnda hafi verið tryggtð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá félaginu.

Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á lögum nr. 25/1987 og krefst dráttarvaxta að liðnum mánuði frá dagsetningu tjónskoðunarskýrslu. Krafa um virðisaukaskatt á tildæmdan málskostnað styður stefnandi lögum nr. 50/1988.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfur sínar þannig:

Beint fjártjón v/skemmda á R-80120	kr.	167.739
Tjón v/afnotamissis, 3.649 kr. × 10 dagar	–	36.490
	Kr.	204.229

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi alla sök á árekstrinum, en varakröfu sína styður stefndi því, að skipta beri sökinni og leggja meginsök á árekstrinum á stefnanda sjálfan.

Stefndi kveður ljóst vera af „dragförum“ á vettvangi og öðrum ummerkjum skv. vettvangsupprætti, að hann hafi verið kominn á vinstri vegarhilm-

ing og verið byrjaður framúrakstur, áður en stefnandi beygði til vinstri í veg fyrir sig. Hafi stefnanda borið að ganga úr skugga um, að það væri hættulaust, sbr. 2. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 17. gr. umfl. Það hafi stefnandi ekki gert, svo sem áreksturinn beri ljósast vitni. Stefnumerkjagjöf leysi stefnanda ekki undan varúðarskyldu sinni, sbr. 31. gr. umferðarlaga. Þá sé ósannað, að stefnandi hafi gefið stefnummerki fyrir en um leið og hann beygði, en um það beri stefnandi sönnunarbyrði, sbr. Hrd. 1976, 424. Stefndi kveður stefnanda hafa gefið stefnummerki of seint.

Stefndi kveður, að hann hafi réttilega hafið framúrakstur sinn vinstra megin samkvæmt meginreglu, er fram komi í 20. gr. umfl., og sé ekki við sig að sakast um áreksturinn. Samkvæmt d-lið 22. gr. umfl. sé almennt heimilt að aka fram úr á vegamótum, þar sem forgangur sé gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr. umfl., svo sem gildi um Austurberg. Stefndi mótmælir því og að hafa ekið of hratt eða að áreksturinn hafi hlotist af því, hve hratt var ekið. Hann hafi ekið á löglegum hraða á Austurbergi. Fyrir eftir bifreiðarnar og skemmdir á þeim, sem séu tiltölulega litlar, bendi ekki til, að ökuhraði bifreiðar stefnda hafi skipt sköpum um áreksturinn. Stefndi kveður hina alvarlegu yfirsjón stefnanda, að beygja til vinstri án aðgæslu gagnvart umferð á eftir, hafa valdið árekstrinum.

Stefndi vefengir ekki umstefndan viðgerðarkostnað tölulega eða daggjaldafjárhæð á dag, en afnotamissi í 10 daga er mótmælt sem of löngum, enda teljist viðgerðartími samkvæmt dskj. 5 aðeins 43 klst., sem svari til 5 daga.

IV.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 50/1987 er aðalreglan sú, að aka skal fram úr ökutæki vinstra megin, en samkvæmt b-lið 1. mgr. 22. gr. sömu laga skal aka hægra megin fram úr ökutæki, sem beygt er til vinstri.

Í fram lagðri lögregluskýrslu kemur fram, að þegar áreksturinn varð, var hálka, ísing og snjór á vegi, myrkur, en lýsing góð. Við þessar aðstæður bar að sýna sérstaka varúð og miða ökuhraða við þær aðstæður, sbr. 36. gr. 1. nr. 50/1987. Stefndi hefur borið, að ökuhraði sinn hafi verið 50 km/klst., sem er leyfilegur hámarksökuhraði á Austurbergi. Sá hámarkshraði miðast hins vegar við bestu ökuskilyrði, sem ekki var um að ræða, þegar árekstur varð. Verður því að telja ljóst, að stefndi ók of hratt í framúrakstri við þessi skilyrði, en ekki hefur komið fram ágreiningur um ökuhraða stefnanda, sem ber, að hann hafi verið á mjög lítilli ferð.

Óumdeilt er, að stefnandi gaf stefnummerki til vinstri, en aðilar eru ekki sammála um, hvenær sú merkjagjöf átti sér stað. Stefndi bar fyrir réttinum, að stefnandi hefði gefið stefnuljós, um leið og hann beygði til vinstri inn

Gerðuberg, en stefnandi heldur því fram, að stefnuljós hafi verið gefin í tæka tíð.

Það liggur fyrir, að stefndi hagaði akstri sínum ógætlega miðað við aðstæður, og er ósannað, að hann hafi ekki séð stefnumerkjagjöf stefnanda svo tímanlega, að hann hefði ekki mátt afstýra árekstri, hefði hann hagað akstri sínum í samræmi við umferðarlög og aðstæður á árekstursstað.

Hins vegar ber að líta til þess, að skv. 15. gr. 1. nr. 50/1987 bar stefnanda jafnframt að gæta fyllstu varúðar, er hann beygði til vinstri, og huga að umferð, sem á eftir kom. Hann bar fyrir dómi, að hann hefði vitað af bifreið stefnda á eftir sér. Engu að síður virðist hann ekki hafa fylgst með bifreið hans, þegar hann beygði, og þykir hann því eiga nokkra sök á tjóni sínu sjálfur.

Með hliðsjón af framansögðu þykir rétt, að stefndi beri 2/3 hluta sakar, en stefnandi 1/3 hluta sakar sjálfur. Ber stefndu því að bæta stefnanda tjón hans að 2/3 hlutum, sbr. 89. gr., 90. gr. og 97. gr. 1. nr. 50/1987.

Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi hafi misst afnot bifreiðar sinnar í 10 daga, þar sem viðgerð samkvæmt skoðunarskýrslu tók 43 klst., þ.e. 5 daga. Stefnandi hefur í málflutningi skýrt þennan mun á þann hátt, að bifreiðin hafi ekki strax komist að til viðgerðar, þ. e. a. s. tveimur dögum eftir, að tjón varð, og einnig sé hér um afnotamissi um helgi að ræða. Til sönnunar afnotamissi sínum af bifreiðinni hefur stefnandi einungis lagt fram ljósrit af tjónskýrslu, þar sem áætlaður er viðgerðartími 43 tíma. Verður því að teljast hæfilegt, að stefndi bæti stefnanda afnotamissi hans af bifreiðinni í 5 daga, enda hefur sá viðgerðartími ekki sætt andmælum af hálfu stefnda.

Samkvæmt þessu og þar sem kröfum stefnanda hefur að öðru leyti ekki verið mótmælt tölulega, ber stefndu að greiða honum in solidum 123.990 kr.

Eftir niðurstöðu málsins skulu stefndu greiða stefnanda in solidum 70.000 kr. í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar var tekið tillit til þeirrar skyldu stefnanda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Hervör Þorvaldsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Elberg Þorvaldsson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði in solidum stefnanda, Einari Jóhannssyni, 123.990 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 20. maí 1990 til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra dráttarvexti á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. maí 1991. Stefndu greiði in solidum stefnanda 70.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
